

ÁRSSKÝRSLA 2008



Búum börnum betri heim



Barnaheill
Save the Children Iceland



Barnaheill

Save the Children Iceland

Barnaheill, Save the Children, á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum International Save the Children Alliance, en í þeim eru 28 landsfélög sem starfa í 120 löndum. Save the Children voru stofnuð í Bretlandi 1919 og var Eglantyne Jebb stofnandi þeirra með þeim fyrstu til að benda á að það væri réttur barna að alast upp í öryggi og friði. Samtökin vinna að mannréttindum barna og breytingum á högum þeirra í gegnum málsvarahlutverk, fræðslustarf, grasrótarkerfni og neyðaraðstoð. Helstu áherslur Barnaheilla hérlendis eru að standa vörð um réttindi barna, baráttu gegn ofbeldi á börnum og að rödd barna á Íslandi heyrir betur. Helstu áherslur Barnaheilla á Íslandi erlendis eru á menntun barna og neyðaraðstoð.

Markmið

Markmið Barnaheilla, Save the Children, er að berjast fyrir mannréttindum barna og að breyta lífi þeirra til batnaðar. Samtökin hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Framtíðarsýn

Barnaheill, Save the Children, vinna að því að skapa betri heim fyrir börn og ungmenni:

- Heim sem virðir og metur hvert barn.
- Heim sem hlustar á börn og ungmenni og lærir af þeim.
- Heim þar sem öll börn og ungmenni eiga von og njóta jafna tækifæra.



Efnisyfirlit

Frá formanni	3
Frá framkvæmdastjóra	4
Innlent starf	5
Barátta gegn ofbeldi á börnum	5
Réttindi barna	6
Fræðslu- og forvarnarstarf	8
Barna- og unglíngalína	9
Ungmennastarf	9
Önnur innlend verkefni	10
Innlent samstarf	10
Skýrsla – Stöðvum Barnaklám á Netinu	11
Report- Stop Child Pornography on the Internet	13
Erlent starf	15
Neyðaraðstoð	15
Bætum framtíð barna	15
Afganistan	17
Kambódía	17
Norður-Úganda	18
Síbería	20
Erlent samstarf	20
Tekjur og gjöld	21
Styrktaraðilar	22
Barnaheill 2008-2009	25
Þakkir	27



Hildur Petersen
formaður

Frá formanni

Rekstur Barnaheilla gekk vel á árinu 2008 þó að tekjur hafi dregist nokkuð saman þegar líða tók á árið vegna efnahagsástandsins. Við erum stolt af því að allt laust fé samtakanna var á bankareikningum og urðu Barnaheill því ekki fyrir neinum fjárhagslegum skaða við fall bankanna. Mörg mikilvæg verkefni voru unnin á árinu, jafnt innan lands og utan. Þar sem dró úr möguleikum á fjáröflun þegar líða tók á árið var ekki unnt að vinna á eins öflugan hátt að nýjum verkefnum eins og áætlað hafði verið.

Stjórnin lagði áherslu á að endurskoða stefnu samtakanna á árinu og skilgreindi jafnframt helstu áherslur fyrir árið 2009.

Niðurstöður úr þeirri vinnu eru:

Barnaheill eru frjálts félagasamtök sem eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children. Barnaheill vinna að mannréttindum barna á Íslandi og erlendis. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós samtakanna í öllu þeirra starfi. Samtökin vinna að bættum hag barna með því að hlusta á börn, vera málsvári þeirra með fræðslustarfi og skilgreindum verkefnum.

Verkefni. Í ljósi þeirra aðstæðna sem eru hér á landi teljum við rétt að auki áhersla verði á innanlandsverkefni og verður m.a. kynnt nýtt verkefni Barna- og unglíngalína sem er netsvörun fyrir ungmenni þar sem þau geta tjáð skoðanir sínar og líðan og fengið viðeigandi leiðbeiningar og aðstoð. Sams konar þjónusta er fyrir hendi í flestum nágrannalöndum okkar.

Styrktaraðilar og kynning. Stefnt skal að því að Barnaheill séu sýnileg samtök og almenningur þekki þau fyrir verkefni sem þau vinna að og að vera málsvári mannréttinda barna. Endurgjöf og samstarf við styrkt-

araðila skulu fá aukið vægi þannig að styrktaraðilar séu í nánari tengslum við samtökin og því enn stoltari af stuðningi sínum.

Rekstur. Bregðast þarf við breyttum aðstæðum í efnahagslífinu með því að efla og breikka grunn fjáröflunar með nýjum leiðum.

Mannauður. Barnaheill hafi ávallt á að skipa úrvalstarfsfólki sem ber hag barnanna fyrir brjósti og hefur áhuga á að efla samtökin. Mikilvægt er að starfsmanna- hópurinn sé fjölbreyttur og búi yfir öllum þeim hæfileikum og þekkingu sem samtökin þurfa á að halda.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélagi okkar er mikilvægt að samtök eins og Barnaheill, sem vinna að réttindum barna, leggi áherslu á að beina kröftum sínum að þeim málum sem eru börnum til hagsbóta. Við teljum að með því að fá beint samband við börnin í gegnum barna- og unglíngalínuna verði Barnaheill í einstakri aðstöðu til að efla þroska, heilbrigði og félagslega stöðu barna sem þangað leita.

Við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu hefur óvenjumikið mætt á starfsfólki Barnaheilla sem hefur þurft að beita útsjónarsemi við að skila sínu starfi einstaklega vel af hendi.

Við erum afar þakklát þeim styrktaraðilum, velunnurum og sjálfbóðaliðum sem lagt hafa Barnaheillum lið í gegnum árin og erum bjartsýn á að með gefandi samstarfi við þessa aðila eigum við eftir að búa að góðum rekstrargrundvelli til að takast á við þau mikilvægu verkefni sem fram undan eru hjá Barnaheillum í náninni framtíð.

Hildur Petersen



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

Frá framkvæmdastjóra

Barnaheill á Íslandi vinna að verkefnum bæði hérlendis og erlendis. Þau 20 ár sem samtökin hafa starfað hér á landi hafa áherslur í innlendu og erlendu starfi verið að þróast og breytast, en kjarninn í starfinu er sá sami, að standa vörð um mannréttindi barna.

Undanfarin ár hafa Barnaheill tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi þar sem barist er gegn tilurð og dreifingu á efni á Netinu þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi. Hafa Barnaheill fengið fjölda ábendinga um slíkt efni á Netinu og hafa starfsmenn samtakanna skoðað allar ábendingar og metið hvert eigi að senda þær. Þar sem margt af efninu er sönnun á glæpum gagnvart börnum fannst Barnaheillum það vera hlutverk lögreglu að skoða ábendingarnar og hófust viðræður milli embættis Ríkislögreglustjóra og Barnaheilla árið 2007 um að Ríkislögreglustjóri tæki yfir skoðun á ábendingum. Frá og með lokum ársins 2008 hafa Barnaheill sent allar ábendingar beint til alþjóðadeildar Ríkislögregluembættisins og verið er að þróa áframhaldandi samstarf.

Barnaheill ákváðu á árinu að leggja áherslu á baráttu gegn ofbeldi á börnum, í hvaða mynd sem er, og liður í því starfi er fræðslu- og upplýsingavefur samtakanna *Verndum börn gegn ofbeldi sem opnaður var á árinu*.

Barnaheill leggja áherslu á að vera málsvarar barna og réttinda þeirra. Til að samtökin geti sinnt því hlutverki vel þurfa þau að hlusta á börn og sjá til þess að raddir þeirra heyrist betur í íslensku samfélagi. Á liðnu ári stofnuðu Barnaheill því ungmennaráð sem er samtökunum til ráðgjafar í ýmsum málum og vinna samtökin að því að styrkja ungmennastarfið enn frekar. Barnaheill lögðu drög að stofnun barna- og unglíngalínu á árinu með það að markmiði að veita börnum og unglíngum tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og leita

upplýsinga og ráðgjafar í málum er snerta þau. Vegna efnahagskreppunnar fengu Barnaheill ekki það fjármagn sem þurfti til að fara af stað með verkefnið og hafa samtökin því þurft að endurskoða verkefnið og fresta framkvæmd þess. Stefnt er að því að opna netlínu eigi síðar en haustið 2009 og verður netsvörðun á íslensku og fleiri tungumálum til að ná einnig til barna fjölmennustu innflytjendahópanna.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla í öllu þeirra starfi. Á liðnu ári unnu samtökin, í samvinnu við fleiri aðila, að gerð veggspjalda og bæklinga til notkunar í skólum og var þeim dreift í alla skóla sl. haust. Hefur framtakið aukið verulega kynningu á Barnasáttmálanum og er það mikið ánægjuefni.

Helstu áherslur Barnaheilla á Íslandi í erlendum verkefnum eru á neyðaraðstoð og grunnmenntun barna. Neyðaraðstoð er ein af meginstöðum í starfi alþjóðasamtakanna og hafa Barnaheill á Íslandi stutt uppbyggingu á hamfarasvæðum í nokkrum löndum undanfarin ár. Frá 2006 hafa Barnaheill á Íslandi tekið þátt í alþjóðlegu verkefni Barnaheilla, Save the Children, Bætum framtíð barna (e. Rewrite the Future), stutt menntun barna í stríðshráðum héruðum Kambódíu og Norður-Úganda og einnig stutt verkefni í Afganistan. Efnahagskreppan hafði áhrif á getu samtakanna til að styðja fjárhagslega við starfið í Kambódíu á liðnu ári og munu komandi ár leiða í ljós í hve miklum mæli Barnaheill á Íslandi hafa bolmagn til að styðja áfram menntun barna í Kambódíu og Norður-Úganda, en samtökin stefna á áframhaldandi stuðning þar.

Kærar þakkir til þeirra fjölmörgu styrktaraðila sem lagt hafa Barnaheillum lið á síðustu árum, án þeirra væri starf samtakanna ekki mögulegt. *Petrína Ásgeirsdóttir*



Innlent starf

Barnaheill hafa frá stofnun lagt megin-áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru helstu áherslur á að standa vörð um réttindi barna, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrir betur í íslensku samfélagi. Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu starfsemi Barnaheilla héraendis árið 2008.

Barátta gegn ofbeldi á börnum

Samkvæmt 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu. Samkvæmt 34. grein Barnasáttmálans eiga börn rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði.

Netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi

Barnaheill hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlega verkefninu Stöðvum barnaklám á Netinu. Verkefnið hefur verið styrkt af Safer Internet samstarfsáætlun Evrópusambandsins og er markmið þess að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti Netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og að hafa áhrif á breytingar þar að lútandi. Alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra tók yfir þann hluta af verkefninu sem lýtur að ábendingum í lok árs 2008 að ósk Barnaheilla. Sjá nánari upplýsingar um verkefnið á bls. 11.

Netsvar

Netsvar er samvinnuverkefni SAFT-verkefnis Heimilis og skóla, Barnaheilla og Póst- og fjarskiptastofnunar. Vefurinn var opnaður árið 2007 og er ætlað að gefa fólki kost á að leita sér upplýsinga varðandi Netið og að senda inn fyrirspurnir um hvaðeina sem tengist öruggri netnotkun. Sjá www.netsvar.is.

Síun á ólöglegu efni á Netinu

Barnaheill eiga í samstarfi við embætti Ríkislögreglustjóra, Póst- og fjarskiptastofnun og stærstu netþjónustuaðila á Íslandi um að koma á síun á landsvísi á ólöglegu efni á Netinu sem sýnir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Sjá nánari upplýsingar á bls. 12

Mansal

Barnaheill taka þátt í starfi Evrópusamtaka Barnaheilla, Save the Children, í baráttunni gegn mansali á börnum. Evrópusamtökin beita sér fyrir því að sett sé sérstök viðmið um börn sem verða fórnarlömb mansals og fylgjast náið með að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum á vettvangi Evrópusambandsins og EES svæðinu.

Starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins, sem vann að aðgerðaáætlun gegn mansali, óskaði í byrjun árs 2008 eftir áliti Barnaheilla og hafa samtökin miðlað upplýsingum um vinnu og áherslur Evrópusamtaka Barnaheilla á þessu sviði.

Um mansal á barni er að ræða þegar einstaklingur yngri en 18 ára er fluttur á milli staða, afhentur, hýstur eða tekið á móti í þeim tilgangi að hafa not af honum, þó engin merki séu um þvingun, blekkingar, valdbeitingu eða annars konar ofbeldi. Á hverju ári eru hundruð barna í Evrópu fórnarlömb mansals, ýmist á



Nemendur í Snælandsskóla kynna verkefni sín þann 20. október 2008.



milli landa eða innan landa. Barnaheill leggja áherslu á að ávallt sé haft að leiðarljósi það sem barni er fyrir bestu þegar upp kemst um mansal og að staða barnsins sem innflytjanda sé aukaatriði. Tryggja verður að börnin fái áfallahjálp og aðhlyningu og fái strax aðgang að allri þjónustu, þ.e. félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og skóla. Börn þurfa að fá sérstakan tilsjónarmann meðan málefni þeirra eru til athugunar og barn skal aldrei sent til síns heimalands nema tryggar aðstæður taki við því. Mikilvægt er að finna fjölskyldu barnsins án þess að stefna barninu eða fjölskyldu þess í hættu. Barnaheill telja að tekið hafi verið tillit til ofangreindra atriða við gerð aðgerðaráætlunar ríkisstjórnar Íslands um mansal.

Málþing um vernd barna gegn ofbeldi

Þann 20. október 2008 var alþjóðlegur dagur gegn ofbeldi á börnum og héldu Barnaheill þá málþing um verndun barna gegn ofbeldi. Nemendur 8. bekkja Snælandsskóla í Kópavogi opnuðu málþingið með myndbandi sem þeir höfðu gert í tilefni dagsins og kynntu verkefni sem þeir höfðu unnið í tengslum við málþingið. Á málþinginu var fjallað um rétt barna á vernd gegn ofbeldi og mikilvægi þess að vekja athygli á vandanum og berjast gegn ofbeldi á börnum. Erindi fluttu Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, Anni Haugen, lektor í félagsráðgjöf við HÍ og Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar. Arndís Tómasdóttir, starfsmaður Barnaheilla, opnaði nýjan fræðslu- og upplýsingavef samtakanna. Fundarstjóri var Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla. Um 50 manns sóttu málþingið og voru um helmingur þeirra nemendur 8. bekkja Snælandsskóla.

Fræðslu- og upplýsingavefur Barnaheilla um vernd barna gegn ofbeldi

Á málþingi Barnaheilla þann 20. október opnuðu samtökin nýjan fræðslu- og upplýsingavef er varðar vernd barna gegn ofbeldi. Markmiðið með vefnum er að gera upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi aðgengilegar fyrir almenning og þá sem starfa með börnum og að málefnum barna. Vefsíðan hefur að geyma upplýsingar um einkenni og afleiðingar ofbeldis gegn börnum og hvert sé hægt að leita ef grunur vaknar um slíkt. Sjá www.barnaheill.is/verndumborn/

Réttindi barna

Lagaumsagnir

Barnaheill senda reglulega inn umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp er lúta að málefnum barna. Í umsögnum sínum leitast samtökin við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi.

Árið 2008 sendu Barnaheill inn umsagnir um eftirtalin frumvörp og þingsályktunartillögur:

- **Frumvarp til laga um framhaldsskóla.** (135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 320 – 268. mál.)
- **Frumvarp til laga um grunnskóla.** (135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 319 – 285. mál.)
- **Frumvarp til laga um leikskóla.** (135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 321 – 287. mál.)
- **Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.** (135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 159 – 149. mál.) (Sameiginleg forsjá o.fl. febrúar 2008.)
- **Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum og barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum.** (Bann við líkamlegum og andlegum refsingum, nóvember 2008.)
- **Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 7. mál.** – Allsherjarnefnd Alþingis.
- **Tillaga til þingsályktunar um stofnun Barnamenningarhúss, 24. mál.**



Fulltrúar Barnaheilla voru boðaðir fyrir allsherjarnefnd Alþingis í byrjun árs 2009 til að fylgja eftir umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnaheill lögðu áherslu á mikilvægi þess að samningurinn yrði lögfestur.

Ályktanir

Barnaheill senda út ályktanir ef þeim finnst brotið á réttindum barna. Árið 2008 sendu samtökin ályktanir til nokkurra aðila vegna dóms sem féll þann 14. ágúst 2008 í Héraðsdómi Norðurlands eystra í máli karlmanns sem hafði ítrekað beitt tvo drengi, fjögurra og sex ára, líkamlegum refsingum. Karlmaðurinn var kærður fyrir líkamsárás og brot á barnaverndarlögum. Hann var sýknaður af báðum ákærum.

Ályktanir Barnaheilla voru sendar:

- **Dómstólaráði**, þar sem íslenskt dómsherfi var hvatt til að standa vörð um réttindi barna og nýta til fullnustu þau lagaákvæði sem kveða á um vernd barna gegn líkamlegum refsingum og öðru ofbeldi.
- **Alþingismönnum**, þar sem þeir voru hvattir til að endurskoða barnaverndarlögin (lög nr. 80/2002) og barnalögin (lög nr. 76/2003) og setja þar skýr ákvæði um að líkamlegar refsingar séu undir engum kringumstæðum leyfðar.
- **Dómsmálaráðherra**, þar sem hann var hvattur til að endurskoða barnaverndarlögin (lög nr. 80/2002) og barnalögin (lög nr. 76/2003) og setja þar skýr ákvæði um að líkamlegar refsingar séu undir engum kringumstæðum leyfðar.
- **Fjölmiðlum**, þar sem Barnaheill hörmuðu dóminn og sögðu hann brot á mannréttindum barna.

Hæstiréttur staðfesti niðurstöður Héraðsdóms þann 22. janúar 2009 og sendu Barnaheill ályktanir til sömu aðila og í ágúst 2008. Haustið 2008 var lagt fram á Alþingi frumvarp Kolbrúnar Halldórsdóttur og fleiri meðflytjenda um að óheimilt og refsivert væri að beita börn líkamlegum og andlegum refsingum. **Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með**

síðari breytingum og barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum. Það er gleðiefni fyrir börn á Íslandi að þann 16. apríl 2009 varð frumvarpið að lögum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla í öllu þeirra starfi. Barnasáttmálinn var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóv. 1989 og var fullgiltur á Íslandi 27. nóv. 1992. Í byrjun árs 2009 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um að lögfesta samninginn á Íslandi. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarra þátta. Öll lönd heimsins, fyrir utan Bandaríkin og Sómalíu, hafa staðfest sáttmálann.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum. Kynningin hefur ekki verið sem skyldi á Íslandi og almenn þekking á Barnasáttmálanum og á réttindum barna þar af leiðandi takmörkuð. Því ákváðu Barnaheill, Umboðsmaður barna og UNICEF að vinna að gerð námsfni um Barnasáttmálann í samvinnu við Námsgagnastofnun. Á árinu 2008 var lokið við gerð veggspjalda og bæklinga til notkunar í skólum. Annars vegar er um að ræða efni sem hentar nemendum að 12 ára aldri og hins vegar efni sem er ætlað eldri nemendum og öllum almenningi. Efninu hefur verið dreift í grunnskóla landsins og víðar. Enn fremur var opnuð vefsíðan www.barnasattmali.is. Barnaheill eru nú í samstarfi við fyrrgreinda aðila að vinna að því að gera vefsíðuna að námsvæf með efni og verkefnum fyrir öll börn frá leikskóla til framhaldsskóla. Stefnt er að því að námsvæfurinn verði tilbúinn á 20 ára afmæli Barnasáttmálans þann 20. nóvember 2009. Styrkur fékkst frá forsætisráðuneytinu til verkefnisins.



Frá viðurkenningu Barnaheilla.



Frá vinstri: Árni Geir Pálsson, Ívar Eiðsson, Hulda M. Erlingsdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Petrína Ásgeirsdóttir.

Gegn mismunun á öllum skólastigum

Barnaheill studdu verkefnið *Gegn mismunun á öllum skólastigum árið 2008*. Verkefnið er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Menntaskólans á Akureyri og skóladeildar Akureyrarbæjar og miðar það að uppbyggingu móðurskóla í mannréttindum og lýðræði. Samtökin fengu styrk frá félagsmálaráðuneytinu vegna verkefnisins.

Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er símaráðgjöf þar sem fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Starfsmenn Barnaheilla sinna þessari þjónustu. Fjöl-margir leituðu til samtakanna á árinu 2008. Málín voru af ýmsum toga; forsjár-, umgengnis- og réttindamál ásamt almennum fyrirspurnum um mál er varða börn.

Viðurkenning Barnaheilla

Barnaheill veita árlega viðurkenningu til einstaklinga eða stofnana fyrir sérstakt framlag þeirra í þágu barna. Viðurkenningin er veitt á afmælisdegi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Á árinu 2008 veittu Barnaheill samtökunum *Blátt áfram* viðurkenningu fyrir starf sitt og baráttu fyrir vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Samtökin *Blátt áfram* hafa verið fremst í flokki þeirra sem hafa varpað hulunni af þeirri leynd sem hefur hvílt á því alvarlega ofbeldi sem kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er. Samtökin hafa opnað umræðuna, stuðlað að vitundarvakningu og verið virk í forvarnarstarfi. Samtökin *Blátt áfram* voru stofnuð af systrunum Sigríði og Svövu Björnsdætrum árið 2004 og hafa á þessum fáu árum velt grettistaki í þessum málum með umræðu og fræðslu. Það voru þau Hulda Margrét Erlingsdóttir og Ívar Eiðsson, fulltrúar í ungmennaráði Barnaheilla, sem afhentu Sigríði Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Blátt áfram, viðurkenninguna.

Fræðslu- og forvarnarstarf

SAMAN-hópurinn

Barnaheill eiga aðild að SAMAN-hópnum, en hópurinn er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka og stofnana sem láta sig varða velferð barna. Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, einkum í kringum ákveðna atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Fulltrúi Barnaheilla í SAMAN-hópnum er Margrét Júlía Rafnsdóttir.

SAMAN-hópurinn beitir sér fyrir jákvæðum skilaboðum til foreldra um mikilvægi ábyrgðar á umönnun og uppeldi barna þeirra og lögð er áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra að þeir kaupi ekki eða veiti börnum áfengi og bent á að þar setja landslög mörkin við 20 ára aldur. Því er jafnframt beint til foreldra að virða reglur um útvistartíma og bent á þær hættur sem eftirlitslaus partí, útihátíðir og neysla áfengis og annarra vímuefna setur börn þeirra í.

Sumaráttak SAMAN-hópsins var ljósmyndasamkeppni, *Fjölskyldan í fókus*, þar sem fjölskyldur voru hvattar til að senda inn myndir af fjölskyldunni saman, við leik og störf, vetur, sumar, vor og haust. Besta myndin var valin „*Að læra að hjóla*“ en höfundur hennar er Silja Kristjánsdóttir. Sjó aðrar myndir hlutu viðurkenningu. Þess má geta að SAMAN-hópurinn var tilnefndur til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í byrjun árs 2008. Nánari upplýsingar á www.samanhopurinn.is

Náum áttum

Barnaheill taka þátt í starfi hópsins *Náum áttum*, sem er samstarfshópur aðila sem vinna að málefnum barna



Nemendur 8. bekkjar Snælandsskóla taka á móti viðurkenningu vegna þátttöku í málþingi í mars 2008.



Fulltrúar ungmennaráðs Barnaheilla í Stokkhólmi.

og stendur hópurinn reglulega fyrir fræðslufundum. Meðal fræðslufunda á árinu 2008 var fundur um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og flutti þar erindi Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri Barnaheilla, sem er fulltrúi samtakanna í *Náum átum* hópnum.

Útgáfustarf

Einn liður í fræðslu- og forvarnarstarfi Barnaheilla um vernd gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum er útgáfa bókarinnar *Petta er líkaminn minn*. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað. Barnaheill eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni og á árinu 2008 fóru tæplega 2000 bækur til barna víða um land.

Barnaheill gefa einnig út veggspjald þar sem vakin er athygli á slyshættum í umhverfi barna. Heilsugæslustöðvar sjá um dreifingu á veggspjaldinu og á árinu 2008 voru send tæplega 1000 veggspjöld til barna um allt land.

Barna- og unglíngalína

Á árinu 2008 hófu Barnaheill vinnu við að koma á fót barna- og unglíngalínu, en markmið hennar er að veita börnum og unglíngum tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og leita upplýsinga og ráðgjafar í málum er snerta þau. Með barna- og unglíngalínu vilja Barnaheill leggja sitt af mörkum til að rödd barna og unglínga heyrist betur í íslensku samfélagi, en samkvæmt 12. og 13. grein Barnasáttmálans eiga börn rétt á að tjá sig, að láta í ljós skoðanir sínar og að hafa áhrif. Vegna efna-hagskreppunnar fengu samtökin ekki það fjármagn sem þurfti til að fara af stað með nýtt verkefni. Barnaheill hafa því þurft að endurskoða verkefnið og fresta framkvæmd þess. Stefnt er að því að opna netlínu eigi síðar

en haustið 2009 og verður netsvörun á íslensku og fleiri tungumálum til að ná einnig til barna fjölmennustu innflytjendahópa.

Ungmennastarf

Samstarf við skóla

Barnaheill hófu samstarf við Snælandsskóla í Kópavogi á árinu 2008. Í mars tóku nemendur 8. bekkja skólans þátt í málþingi Barnaheilla um menntun barna í stríðs-hrjáðum löndum og kynntu þar verkefni sem þeir höfðu unnið í tengslum við málþingið. Í október var hafður svipaður háttur á og unnu nemendur 8. bekkja verkefni og kynntu á málþingi Barnaheilla um vernd barna gegn ofbeldi.

Ungmennaráð Barnaheilla

Barnaheill stofnuðu ungmennaráð á árinu 2008. Í ráðinu eru 15 nemendur í 9. bekk Snælandsskóla í Kópavogi, en ætlunin er að fá ungmenni úr fleiri skólum og ná til fleiri aldurshópa. Ungmennaráðið er Barnaheillum til ráðgjafar í málum sem samtökin vinna að. Í ágúst 2008 sóttu fulltrúar ungmennaráðs, þau Hulda Margrét Erlingsdóttir, Sindri Svanbergsson og Harpa Ósk Björnsdóttir, norræna sumarhátíð ungmennaráða Barnaheilla, Save the Children, sem haldin var í Stokkhólmi. Fararstjóri var Hranfhildur Helgadóttir.

Þrjár fulltrúar ungmennaráðs Barnaheilla, þær Glódís Perla Viggósdóttir, Harpa Ósk Björnsdóttir og Krístrún Sigurgeirsdóttir, sóttu ráðstefnuna *Ungt fólk og lýðræði* sem haldin var á Akureyri dagana 4. og 5. mars 2009. Fararstjóri var Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum.

Barnaheill stefna að því að efla starf ungmennaráðsins til muna á árinu 2009.



Önnur innlend verkefni

Vefsíða Barnaheilla

Barnaheill opnuðu nýja vefsíðu á haustmánuðum 2008 í samstarfi við Athygli. Heimasíðan fékk nýtt útlit og fór í vefumsýslukerfi sem auðveldar alla vinnu við hann. Vefurinn er í senn fræðslu- og upplýsingavefur og á honum er hægt að nálgast upplýsingar um allt það sem viðkemur starfi Barnaheilla. Sjá nánar www.barnaheill.is

Meðferðarheimilið að Geldingalæk

Barnaheill eiga húsnæði meðferðarheimilisins að Geldingalæk í Rangárvallasýslu. Barnaverndarstofa er umsjónaraðili heimilisins, en það er ætlað börnum á aldrinum 8-14 ára sem þurfa langtímaaðstoð vegna hegðunar- og/eða geðraskana. Barnaheill kostuðu endurbætur á húsinu fyrri hluta ársins 2008 og kom fjármagn frá söfnunaráttaki BYR í desember 2007.

Um mitt árið 2008 ákvað Barnaverndarstofa að loka heimilinu þar sem eftirspurn eftir þjónustunni var lítil. Barnaheill vinna nú að því að Landbúnaðarráðuneytið, sem á jörðina Geldingalæk, kaupir húsnæðið af samtökunum.

Íbúðir

Barnaheill eiga tvær íbúðir í Reykjavík, sem ætlaðar eru fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni, en Barnaspítali Hringingsins hefur umsjón með notkun þeirra. Íbúðirnar eru á Rauðarárstíg og Skúlagötu. Á árinu 2008 voru 217 dvalardagar í íbúðinni á Skúlagötu sem er 59% nýting og 212 dvalardagar á Rauðarárstíg sem er 58% nýting. Hefur árleg nýting farið minnkandi undanfarin ár.



Innlent samstarf

Barnaheill eiga í víðtæku samstarfi hérlendis við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna. Þeir aðilar sem Barnaheill áttu samstarf við á árinu og upplýsingar um hafa komið fram annars staðar í þessari skýrslu eru: Barnaverndarstofa, Barnaspítali Hringingsins, UNICEF, Umboðsmaður barna, heilsugæslustöðvar víða um land, SAMAN-hópurinn, Ríkislögreglustjóri, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, SAFT-verkefni Heimilis og skóla, Póst- og fjarskiptastofnun og stærstu netþjónustuaðilar á Íslandi.

Barnaheill eiga tvo fulltrúa í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands, þeir eru Árni Geir Pálsson varaformaður og Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri.

Barnaheill tóku þátt í 16 daga átaki félagasamtaka og stofnana gegn kynbundnu ofbeldi í nóvember og desember. Yfirskrift átaksins var *Mannréttindi kvenna er ekki munaður*.

Barnaheill eiga samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenskri þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru auk Barnaheilla: ABC-barnahjálp, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), SOS-barnaþorp, UNICEF og UNIFEM.

Í upphafi árs 2008 hófst vinna starfshóps vegna aðgerðaráætlunar félagsmálaráðuneytisins í tengslum við nýjan samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðislegu ofbeldi.

Voru fulltrúar Barnaheilla boðaðir á fundi starfshópsins.



Barnaheill – Save the Children á Íslandi Evrópuverkefnið Stöðvum barnaklám á Netinu! Skýrsla ársins 2008

Netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi

Börn eru einstaklingar yngri en 18 ára. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vándis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir efni sem getur skaðað velferð þeirra. Öll myndbirting af börnum, þar sem þau eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, oft nefnt barnaklám, er alvarlegt brot á rétti barna. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólöglegt athæfi. Aðgangur barna að slíku efni er einnig brot á rétti þeirra. Á Netinu hefur orðið mikil aukning á efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, finna fórnarlömbin og koma þeim til hjálpar. Þegar kynferðislegum eða klámfengnum myndum af börnum er dreift á Netinu heldur ofbeldið gegn barninu áfram í hvert skipti sem myndirnar eru skoðaðar. Ofbeldið hefur því ekki einungis átt sér stað, þegar myndefnið varð til, heldur er því viðhaldið með dreifingu og birtingu. Myndefnið getur átt uppruna sinn hvar sem er í heiminum. Í meirihluta tilfella er það einhver sem barnið þekkir sem hefur gert myndefnið. Vitneskja barns um að mynd af því sé á Netinu veldur því enn meiri hugarangri og miska. Erfiðleikum er bundið að útrýma slíku efni af Netinu en eigi að síður leggja Barnaheill áherslu á að finna allar mögulegar leiðir til að sporna við útbreiðslu á slíku efni. Ef baráttan einkennist af öflugri alþjóðastarfsemi og góðri samvinnu fagaðila á landsvísi er hægt að ná góðum árangri. Virkt eftirlit með myndefni á Netinu sem sýnir börn á kynferðislegan hátt, og þátttaka almennings í slíku eftirliti, er ekki síður mikilvægt. Barnaheill leggja áherslu á að það er aldrei í lagi að nota eða sýna börn í kynferðislegum tilgangi. Svokallaðar klámfengnar myndir af börnum sem stundum eru notaðar í auglýsingaskyni eru aldrei réttlætanager.

Markmið verkefnisins

Barnaheill hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlega samstarfsverkefninu, Stöðvum barnaklám á Netinu. Safer Internet samstarfsáætlun ESB hefur styrkt verkefnið að hluta, en markmið áætlunarinnar er að stuðla að öryggi og vinna gegn ólöglegu og hættulegu efni á Netinu. Á árinu 2006 samþykkti Evrópusambandið að veita Barnaheillum styrk sem nemur 50% af kostnaði við verkefnið og gildi samningurinn frá 1. september 2006 til 31. ágúst 2008. Barnaheill munu á árinu 2009 sækja um styrk til áframhaldandi vinnu við verkefnið fyrir árið 2010.


Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri hlutadeigandi aðila á þætti Netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og að þrýsta á að íslensk stjórnvöld axli ábyrgð í þessum málaflokki hérlendis og á alþjóðavettvangi. Samstarf við þessa aðila er því mikilvægur þáttur í verkefninu. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem var formlega opnuð 30. október 2001. Á vef Barnaheilla (www.barnaheill.is) er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar

og nálgast upplýsingar um málefnið. Við hvetjum fólk til að láta vita, í hvert sinn sem það verður vart við efni á Netinu sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, með því að senda inn ábendingu.

Barnaheill eiga í samstarfi við embætti Ríkislögreglustjóra, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og við netþjónustuaðila á Íslandi. Meginmarkmið samstarfsins er að samræma starfshætti varðandi ábendingar og að finna nýjar leiðir í baráttunni gegn kynferðislegu og klámfengnu efni af börnum á Netinu. Fundað var reglulega á árinu með þessum aðilum.

INHOPE


Alþjóðlegt samstarf er mikilvægt til að ná árangri í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og myndbirtingum þar að lútandi þar sem Netið er án landamæra. Árið 2001 gerðust Barnaheill meðlimir í alþjóðasamtökunum INHOPE, www.inhope.org, sem eru regnhlífásamtök ábendingalína. Nú eiga 37 ábendingalínur í 28 löndum aðild að samtökunum.



Samstarf innan INHOPE felst í því að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita meðlimum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er svo í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í sínu landi. INHOPE-fundir voru haldnir í Dublin og Lissabon árið 2008 og sótti Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri verkefnisins, fundina.

Fjöldi ábendinga

Frá því ábendingalínan hóf starfsemi sína árið 2001 og til loka ársins 2008, hafa borist 4067 ábendingar og þar af eru 1376, eða 34%, efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Árið 2007 bárust alls 308 ábendingar, þar af voru 155 (50%) metnar sem kynferðislegt eða klámfengið efni af barni. Á árinu 2008 bárust samtals 245 ábendingar og voru 132 (54%) þeirra myndir þar sem börn voru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Frá árinu 2005 hefur ábendingum fækkað, en hlutfall ábendinga þar sem um er að ræða kynferðislegt eða klámfengið efni hefur jafnframt aukist. Á súluritinu á næstu síðu sést fjöldi ábendinga á árunum 2001-2008 og hve hátt hlutfall þeirra taldist vera kynferðislegt eða klámfengið efni með börnum. Flestar eru ábendingarnar um erlendar síður sem hýstar eru erlendis. Í auknum mæli hafa komið ábendingar um síður með íslensku efni sem eru hýstar erlendis. Yfirleitt er um að ræða síður þar sem hver og einn getur sett inn efni og erfitt er að finna hver ber ábyrgð á síðunni. Einnig koma ábendingar vegna nettælingar.



Hvað verður um ábendingarnar?

Frá því að ábendingalínan hóf starfsemi sína á árinu 2001 hafa starfsmenn Barnaheilla tekið við ábendingunum og metið hvort um kynferðislegt eða klámfengið efni af barni sé að ræða. Ef um slíkt er að ræða er fundið út með sérstökum hugbúnaði hvar efnið er vistað. Ef efnið er vistað á Íslandi er ábendingin send til alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra sem hefur rannsókn á málinu. Ef efnið er vistað erlendis, og landið er samstarfsaðili innan INHOPE-samtakanna, er ábendingin send þangað en annars til Ríkislögreglustjóra.

Frá upphafi hafa 68% ábendinga, sem töldust vera kynferðislegt eða klámfengið efni af barni, verið sendar áfram til samstarfsaðila erlendis og í 34% tilvika hafa ábendingarnar verið sendar til Ríkislögreglustjóra. Ef ástæða hefur þótt til hafa ábendingar verið sendar til beggja aðila.

Frá byrjun árs 2009 hafa þær ábendingar sem komið hafa til Barnaheilla farið beint til Ríkislögreglustjóra og munu Barnaheill og embætti Ríkislögreglustjóra ganga formlega frá samstarfi á þessum vettvangi á árinu 2009.

Evrópusamtök Barnaheilla

Barnaheill starfa náið með Evrópusamtökum Barnaheilla, Save the Children, sem m.a. vinna að því að leggja áherslu á að finna og veita viðunandi stuðning þeim börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og myndefni af þeim verið dreift á Netinu. Gagnagrunnur INTERPOL, sem hefur verið í notkun frá árinu 2001, hefur að geyma yfir 1.000.000 myndir sem sýna kynferðislegt ofbeldi gegn meira en 20.000 börnum. Hins vegar eru aðeins fyrirbyggjandi upplýsingar um að 800 þessara barna hafi fundist og fengið nauðsynlegan stuðning.

Síun á ólöglegu efni á Netinu

Barnaheill beita sér fyrir því að komið verði á síun á landsvísu á efni á Netinu, þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi. Samtökin telja síun mikilvægan lið í því að berjast gegn kynferðislegu og landamæralausu ofbeldi á börnum á Netinu. Á árinu 2008 funduðu starfsmenn Barnaheilla með fulltrúum netþjónustuaðila, Póst- og fjarskiptastofnunar og embættis Ríkislögreglustjóra, og sýndu þessir aðilar áhuga á málinu. Einnig funduðu fulltrúar Barnaheilla með dómsmálaráðherra á árinu 2008 og í byrjun árs 2009 vegna þessa og hugsanlegrar laga-setningar um síun á ólöglegu efni.

Úttekt Barnaheilla á menntun fagstétta um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

Sumarið 2007 gerðu Barnaheill úttekt í íslenskum háskólum á menntun þeirra stétta sem vinna með börn eða að málefnum þeirra, einkum viðvíkjandi vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Úttektin leiddi í ljós skort á heildstæðri stefnu innan íslenskra háskóla um kennslu í barnavernd og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Skýrslu með úttektinni og niðurstöðum hennar má finna á www.barnaheill.is undir liðnum útgefið efni. Skýrslan var send til allra þeirra skóla sem úttektin náði til. Barnaheill kynntu niðurstöður úttektarinnar fyrir stjórnendum tveggja háskóla árið 2008. Í febrúar 2008 var haldinn opinn kynningarfundur um úttektina í Háskólanum á Akureyri og jafnframt var fundað með stjórnendum í HA. Í maí 2008 var fundað með stjórnendum í Kennaraháskóla Íslands. Á fundunum kom fram mikill vilji til að móta stefnu og bæta kennslu um barnavernd, þ.á m. vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Netsvar.is – hjálparvefur um netnotkun

Vefurinn www.netsvar.is er samstarfsverkefni Barnaheilla, SAFT-verkefni Heimilis og skóla og Póst- og fjarskiptastofnunar. Markmiðið með vefnum er að efla vitund almennings um öryggi í netnotkun og stuðla að jákvæðri og ánægjulegri netnotkun. Netsvar er lifandi vefur þar sem gefst kostur á að senda inn fyrirspurnir um hvaðeina sem tengist öryggi í netnotkun og fá svör frá sérfræðingum. Vefurinn er efnisflokkadur og nú þegar eru þar miklar og aðgengilegar upplýsingar sem sífellt verður bætt við.

Verndum börn gegn ofbeldi – vefsíða um ofbeldi gegn börnum

Á árinu 2008 opnuðu Barnaheill fræðslu- og upplýsingavef um vernd barna gegn öllu ofbeldi, þar með talið kynferðislegt ofbeldi. Markmiðið með vefnum er að gera upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi aðgengilegra fyrir almenning og þá sem starfa með börnum og að málefnum barna. Vefsíðan hefur að geyma upplýsingar um einkenni og afleiðingar ofbeldis gegn börnum og hvert sé hægt að leita ef grunur vaknar um slíkt. Vefurinn er aðgengilegur á heimasíðu Barnaheilla með því að smella á hnappinn Verndum börn gegn ofbeldi.

Annað

Margir höfðu samband við Barnaheill á árinu til þess að kynna sér starf samtakanna um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi, m.a. nemendur í framhaldsskólum og á háskólastigi. Nokkuð var um að einstaklingar hringdu og báðu um ráðgjöf og upplýsingar. Starfsmenn Barnaheilla aðstoðuðu eftir föngum og bentu á leiðir og hvert væri hægt að leita. Einnig sýndu fjölmiðlar málefnum tölurverðan áhuga.

Á árinu 2008 var verkefnið styrkt af Evrópusambandinu, dómsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Akureyri, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ, Alcan, Athygli, Microsoft á Íslandi, Icelandair Group, IKEA og styrktarfélagum Barnaheilla.

Frá árinu 2003 hafa eftirtaldir styrkt verkefnið:

Evrópusambandið

Félagsmálaráðuneyti
 Dómsmálaráðuneyti
 Reykjavíkurborg
 Akureyrarbær
 Kópavogsbær
 Mosfellsbær
 Reykjanesbær
 Seltjarnarnesbær
 Dalvíkurbyggð
 Ólafsfjarðarkaupstaður
 Fljótsdalshreppur
 Hvítársíðuhreppur
 Sveitarfélagið Ölfus

Öxarfjarðarhreppur
 Alcan
 Athygli
 Icelandair Group
 IKEA
 Microsoft Ísland
 Opin kerfi
 Síminn
 Vodafone
 Styrktarfélagar Barnaheilla

Barnaheill þakka þeim kærlega fyrir að hafa lagt góðu málefni lið.



Evrópusambandið



Dómsmálaráðuneytið



Félagsmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



**Barnaheill – Save the Children Iceland
 The European project
 Stop child pornography on the Internet!
 Annual Report 2008**

Project objectives

Save the Children Iceland (Barnaheill), has participated in the international project *Stop child pornography on the Net* since 2001. The EU's Safer Internet programme, which aims to promote safer Internet use and works against illegal and dangerous content, has supported the Project. In 2006, the EU agreed to allocate a grant to Barnaheill amounting to 50% of the Project's cost. The agreement became effective on September 1, 2006 and expired on August 31, 2008. In 2009 Barnaheill plans to ask the EU for continued support for the year 2010.


The objective of *Stop child pornography on the Net* is to draw attention to the part played by the Net in sexual violence against children and increase the awareness of the public, police, legislators, internet service providers, and child protection authorities of this problem. The aim is also to lobby the Icelandic government to accept its obligations in this area both on a national and international level. Cooperation is a critical aspect of the Project.

The Hotline, which opened on October 30, 2001, is a key aspect of the project. We encourage people to send us information whenever they become aware of content on the Net that depicts children in a pornographic or sexual way. There is a link on Save the Children Iceland's website (www.barnaheill.is) for reporting illegal content, as well as extensive information on the subject.

Barnaheill works in cooperation with the office of the National Commissioner of the Icelandic Police, Capital Area Police, and internet service providers in Iceland. The primary objective of this collaboration is to coordinate work procedures regarding Hotline reports, and to develop new methods in the battle against sexual and pornographic content involving children on the Net. Meetings were held regularly in 2008 with these parties.

INHOPE

Since the Net has no borders, international cooperation is necessary to achieve results in the battle against sexual violence against children, and the subsequent distribution of images. In 2001, Save the Children Iceland became a member of the international organisation INHOPE (www.inhope.org), an association of Internet Hotlines. 37 Hotlines in 28 countries are currently members of the organisation.




Cooperation within international organisations focuses on


expanding knowledge and sharing experiences, and providing support. Each Hotline works with the police and internet service providers in their own country. *INHOPE* meetings are held two or three times a year. In 2008, they were held in Dublin, Ireland and Lisbon, Portugal. Margrét Júlía Rafnsdóttir, the project's coordinator for Barnaheill, attended the meetings.

Hotline reports

From the Hotline's opening in 2001 until the end of the year 2008, 4,067 reports were submitted. Of these, 1,376, or 34% of the reports concerned websites containing abusive images of children. The ratio of websites containing abuse was low at first, for example only 25% in 2002, but it grew to over 55% in 2006. In 2008, the ratio was 54%. Since 2005, the number of reports has declined, but the ratio of reports involving sexual or pornographic content has increased.



Up till 2009, 68% of reports reporting child pornography were forwarded to cooperative partners abroad, while 34% were sent to the National Commissioner's office. Due to their nature, some reports have been sent to both parties. Since 2009 all reports are forwarded directly to the National Commissioner's office which analyses them, sending the data back to Barnaheill.



Save the Children Europe Group

Save the Children Iceland works closely with *Save the Children Europe Group* which, among other important tasks

works to improve conditions for children who have suffered sexual abuse on the Net. The INTERPOL database, which has been in operation since 2001, contains over 1,000,000 images depicting sexual violence against more than 20,000 children. According to available data only about 800 of these children have been found and given the appropriate help. Save the Children Europe Group's aim is to draw attention to the necessity of finding and helping these children.

This year Barnaheill has worked closely with *Save the Children Europe* in connection with trafficking. A workgroup has been established in Iceland to create policy regarding trafficking, and Barnaheill has presented *Save the Children Europe Group's* emphasis regarding trafficking with children and the importance of having a special strategy for children in the policy. These emphases have now been included in the policy.

Filtering illegal content on the Net

Barnaheill is working to initiate a nationwide filter on illegal internet content where children are shown to suffer sexual violence and are depicted in a sexual and pornographic way. The focus of this effort is child welfare, but in addition, the reality is that the distribution of such content is illegal according to Icelandic law. In 2008 Barnaheill met with representatives of internet service providers, the Post and Telecom Administration in Iceland and the National Commissioner's office, all of whom expressed interest in the matter. Representatives from Barnaheill also met with the Minister of Justice. The National Commissioner's office and the Ministry of Justice will make a decision regarding further steps.


Netsvar.is – an internet guide for safer use

The website www.netsvar.is is a partnership project that includes Save the Children Iceland, SAFT (Home and School project) and the Post and Telecom Administration. The objective of the website is to empower children and parents to enjoy the Internet in a safe and positive way.

Additional information

Many people contacted Save the Children Iceland during the year in order to become acquainted with its work concerning child protection against sexual violence, e.g. college and university students. Furthermore, the media showed considerable interest in the subject.





Erlent starf

Helstu áherslur Barnaheilla á Íslandi í erlendum verkefnum eru á neyðaraðstoð og grunnmenntun barna. Samkvæmt 28. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á endurgjaldslausri menntun.

Neyðaraðstoð

Neyðaraðstoð er ein af meginstöðum í alþjóðlegu starfi Barnaheilla, Save the Children, og eru alþjóðasamtökin með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að verkefnum í um 120 löndum eru þau oftast til staðar á svæðum þar sem hamfarir verða og geta því brugðist fljótt við neyð í viðkomandi löndum. Í hjálparstarfinu gæta Barnaheill sérstaklega að velferð barna, en börn þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Barnaheill, Save the Children, leggja áherslu á að grunnmenntun barna verði hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á áttaksvæðum þar sem neyðarástand hefur ríkt í langan tíma.

Helstu áherslur alþjóðasamtaka Barnaheilla, Save the Children, í neyðaraðstoð eru: **1)** að minnka hættuna af hamförum með því að vinna og framkvæma áætlanir þar að lútandi með börnum, fjölskyldum og samfélögum í fjölmörgum löndum, **2)** að styrkja starf samtakanna í einstaka löndum og byggja upp meiri þekkingu hjá starfsfólki þannig að hægt sé að bregðast við á skilvirkan hátt innan 72 klukkustunda frá því að hamfarir verða, **3)** að styrkja viðbragðskerfi alþjóðasamtakanna sem tryggir að til staðar sé sérhæft starfsfólk, fjármagn, hjálpargögn og tækni til að bregðast við hamförum skjótt og vel.

Barnaheill á Íslandi lögðu ekki til fé í neyðaraðstoð árið 2008, en eru að skoða leiðir til að koma upp sjóði svo hægt verði að bregðast fljótt og vel við alþjóðlegum hjálparbeiðnum frá alþjóðasamtökum Barnaheilla, Save the Children.

Bætum framtíð barna

Alþjóðaverkefni Barnaheilla, Save the Children

Alþjóðaverkefni Barnaheilla, Save the Children, Bætum framtíð barna (e. Rewrite the Future) hófst árið 2006 og mun halda áfram til ársins 2015, þó upphaflega hafi verið miðað við árið 2010. Markmið alþjóðaverkefnisins er þrjúþætt:

1) Að veita menntun þremur milljónum barna, sem ekki hafa verið í skóla vegna átaka, og að bæta menntun a.m.k. fimm milljón barna til viðbótar í 20 stríðshrjádum löndum fyrir árið 2010. Þetta gera samtökin með því að byggja skóla, þjálfra kennara, búa til námsgögn og virkja stjórnvöld, börn, foreldra og nærsamfélag þeirra. Í lok ársins 2008 höfðu samtökin náð að bæta menntun meira en 10 milljón barna og í þeim hópi eru ein milljón barna sem ekki höfðu áður aðgang að menntun. Barnaheill á Íslandi hafa stutt verkefni í Afganistan, Kambódíu og Norður-Úganda.

2) Að vekja athygli alþjóðasamfélagsins á aðstæðum barna í stríðshrjádum löndum og nauðsyn þess að leggja meira fjármagn í menntun þeirra. Öðruvísi verður þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um grunnmenntun fyrir öll börn ekki náð fyrir árið 2015. Um 40 milljónir barna í stríðshrjádum löndum eru án menntunar.

3) Að vinna að því að menntun barna verði hluti af neyðaraðstoð. Ekki síst vegna þess að í fjölmörgum



Frá málþingi í Snælandsskóla í mars 2008.



Pétur Gunnarsson afhendir utanríkisráðherra undirskriftalista.

löndum þar sem átök eru í gangi er miklu fé varið til neyðaraðstoðar svo árum skiptir og því er mikilvægt að neyðaraðstoðin feli í sér skólagöngu fyrir börn.

Alþjóðasamtök Barnaheilla gáfu út, annað árið í röð, skýrsluna „*Last in Line, Last in School*“. Þar kemur fram að ríkustu þjóðir heims veita frekar stuðning til menntunar í löndum þar sem ríkir stöðugleiki fremur en til menntunar barna í löndum þar sem átök ríkja eða hafa ríkt. Áætlað er að árlega þurfi a.m.k. 10 milljarða Bandaríkjadala til að mennta þau 77 milljón börn sem nú eru án skólagöngu um heim allan. Í skýrslunni kemur fram að af heildarframlagi 20 ríkustu þjóða heims til menntunar barna í fátækum löndum, fara aðeins 18% til menntunar barna í stríðshrjádum löndum, þó svo að í þeim löndum búi um helmingur þeirra barna í heiminum sem eru án skólagöngu. Þannig eru börn í stríðshrjádum löndum skilin eftir með litla von um að brjótast úr vítahring fátæktar og átaka. Skýrslan var kynnt alþjóðastofnunum og stjórnvöldum víða um heim, þ. á m. íslenskum stjórnvöldum.

Málþing um Bætum framtíð barna

Barnaheill héldu málþing þann 12. mars 2008 um menntun og frið í samstarfi við Snælandsskóla. Með málþinginu vildu Barnaheill vekja athygli stjórnvalda og almennings á því að menntun er lykillinn að framþróun og friði í heiminum. Mikla athygli vakti flutningur nemenda 8. bekkja Snælandsskóla á verkefnum sínum. Þeir höfðu kynnt sér aðstæður barna í nokkrum stríðshrjádum löndum og báru saman við aðstæður barna á Íslandi. Verkefnin voru í formi leikrita, stuttmynda og tónlistaratriðis og vörpuðu nemendurnir fram í verkefnum sínum spurningum eins og: Er þetta í lagi? Viljum við hafa þetta svona? Hvernig væri að breyta þessu? Hvernig getum við breytt þessu? Ungmennin bentu á að við höfum það svo gott hér á Íslandi

og að allir geti lagt sitt af mörkum til að bæta aðstæður barna í stríðshrjádum löndum.

Í erindum og umræðum á málþinginu kom fram mikilvægi þess að auka fjármagn á alþjóðavísu til menntunar barna í stríðshrjádum löndum. Málið snýst um forgangsroðun, þar sem aðeins þarf lítið brot af því fjármagni sem fer í vopnaframleiðslu og vopnasölu á ári hverju um allan heim til að veita öllum börnum grunnmenntun. Framsögu á málþinginu höfðu Gréta Gunnarsdóttir, sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs Utanríkisráðuneytisins, Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri Barnaheilla á Íslandi og Guðrún Helga Jóhannsdóttir meistaranemi í þróunarfræðum við HÍ. Inngangsorð flutti Hildur Petersen formaður Barnaheilla. Fundarstjóri var Sigmundur Ernir Rúnarsson. Pallborðsumræður voru í lok málþings með fyrirlesurum, fulltrúum nemenda í 8. bekk Snælandsskóla þeim Diljá Helgadóttur og Skúla Þór Árnasyni ásamt Einari Skúlasyni framkvæmdastjóra Alþjóðahúss. Meira en 100 manns sóttu málþingið.

Rithöfundar hvetja til aðgerða

Alþjóðasamtök Barnaheilla og rithöfundar víða um heim tóku höndum saman um mitt árið 2008 til að tryggja öllum börnum skólagöngu fyrir árið 2015 í samræmi við þúsaldarmarkmið SP. Rithöfundarnir skrifuðu undir bréf þar sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru hvött til að herða róðurinn í baráttunni gegn ólæsi og skorti á menntun. Bréfið var afhent Ban-Ki Moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, á Allsherjarþingi SP í september 2008.

Íslenskir rithöfundar létu ekki sitt eftir liggja og tóku þátt í að skrifa undir áskorunina. Barnaheill héldu fund í Þjóðmenningarhúsinu þann 15. september 2008



Frá fundi í Þjóðmenningarhúsi.



Utanríkisráðherra tekur við afgönskum skólabókum í Þjóðmenningarhúsinu.

og þar afhenti Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambands Íslands, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þáverandi utanríkisráðherra, áskorunina með undirskrift 45 íslenskra rithöfunda.

Afganistan

Menntaverkefni sem Barnaheill á Íslandi studdu í Afganistan lauk árið 2008. Tilgangur þess var að skrifa og prenta tíu barnabækur sem byggjast á frásagnarhefð og þjóðsögum Afganistan, en afgönsk börn hafa mjög takmarkaðan aðgang að lesefni og barnabókum. Bókunum er dreift til skóla og bókasafna í þremur héruðum, Kabúl, Faryab og Sri-i Pul og njóta um 24 þúsund börn góðs af. Alls lögðu Barnaheill til 3,7 milljónir króna í verkefnið og komu 3,1 milljón króna frá utanríkisráðuneytinu. Fulltrúar ungmennaráðs Barnaheilla, þær Diljá Helgadóttir og Hulda Margrét Erlingsdóttir, afhentu Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þáverandi utanríkisráðherra, eintök af kennslubókunum á fundi sem Barnaheill héldu í Þjóðmenningarhúsinu þann 15. september 2008.

Kambódía

Barnaheill lögðu til rúmlega 11 milljónir króna til uppbyggingar menntastarfs í Stoeung Trong-héraði í Kampong Cham sýslu í Kambódíu á árunum 2006 og 2007. Barnaheill, Save the Children, hafa starfað í landinu frá 1989 og berjast fyrir mannréttindum barna í landinu og vinna að því að veita þeim menntun og vernda þau gegn ofbeldi og mansali.

Barnaheill á Íslandi stefndu að því að leggja til átta milljónir króna í áframhaldandi uppbyggingu menntastarfs í stríðshráðum og bláfátækum héruðum Kamb-

ódíu árið 2008 og stóð til að safna peningunum á fjáröflunarviðburði samtakanna Hátíð trjána í nóvember 2008. Ekki varð af fjáröflunarviðburðinum vegna efnahagsþrenginga og því var eina framlag Barnaheilla til Kambódíu árið 2008 fjármagn sem nemendur í Menntaskólanum á Akureyri söfnuðu með tónleikahaldi í apríl 2008.

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, heimsótti Kambódíu í maí 2008 til að kynna sér hvernig rúmlega 11 milljón króna framlag frá Barnaheillum á Íslandi hefði nýst í menntastarfi Barnaheilla í Kambódíu. Brynja Dögg Friðriksdóttir og Jakob Halldórsson, þáverandi starfsmenn Kompáss, þáttar Stöðvar 2, slógust í för og kynntu sér sögu og mannlíf Kambódíu og starf Barnaheilla þar í landi. Þáttur um Kambódíu og starf Barnaheilla þar í landi var sýndur í Kompási þann 27. maí 2008.

Hópurinn ferðaðist m.a. til þorpsins Veal Bompong þar sem byggður var skóli fyrir fjármagn frá Barnaheillum á Íslandi. Þorpið er mjög afskekkt og stutt síðan komst á viðunandi vegasamband. Petrína, Brynja Dögg og Jakob voru fyrstu vestrænu gestirnir sem komu þangað og var þeim fagnað mjög vel af börnum og fullorðnum í þorpinu. Langþráður draumur þorpsbúa um skóla og skólagöngu fyrir börnin í þorpinu varð að veruleika árið 2007 fyrir tilstilli Barnaheilla á Íslandi. Þakklæti þeirra í garð Íslendinga var hjartnæmt. Í skólanum eru 239 börn og fæst þeirra voru í skóla áður, þau eru fyrsta kynslóðin í meira en 40 ár sem á kost á skólagöngu í Veal Bompong.

Petrína kynnti sér einnig annað starf sem Barnaheill á Íslandi hafa stutt með fjárframlagi og ræddi við fjölda barna, foreldra og kennara. Auk skólans í Veal Bomp-



ong hefur verið byggður skóli í Otasek með allri nauðsynlegri aðstöðu og verið var að byggja þann þriðja í Chro Norm. Kennarar hafa fengið þjálfun og haldnir hafa verið fundir með foreldrum í öllum samfélögum um mikilvægi menntunar. Vinnuhópar, barna- og ungmennaráð og skólanefndir hafa verið sett á laggrinnar til að efla þátttöku barna og foreldra í skólastarfi og til að hvetja börn sem hafa verið án skólagöngu til að skrá sig. Nokkrir skólar hafa fengið kennsluefni, svo sem orðabækur og sögubækur, og sett hafa verið upp bókasöfn í nokkrum skólum. Kennarar, foreldrar og börn hafa fengið kennslu um varnir gegn fuglaflensu, malaríu og öðrum sjúkdómum. Foreldrar hafa fengið þjálfun í að örva þroska barna sinna og að koma upp foreldrareknu leikskólastarfi. Komið hefur verið á fót menntamiðstöðvum fyrir eldri börn sem ekki hafa lokið grunnskóla.

Fyrir tilstilli Barnaheilla á Íslandi hafa um 900 börn á grunnskólaaldri fengið aðgang að góðu skólahúsnæði

og um 300 börn á leikskólaaldri fengið aðgang að leikskólastarfi. Alls hafa um 23.000 börn notið góðs af uppbyggingarstarfi Barnaheilla á Íslandi í Kambódíu á einn eða annan hátt.

Miklu máli skiptir að virkja allt samfélagið til að verkefnið verði sjálfbær og Barnaheill í Kambódíu vinna náíð með fræðslufirvöldum þar í landi. Ólæsi er mikið í landinu og enn eru um 50 þúsund börn án skólagöngu og bæta þarf menntun þúsunda barna í landinu. Menntun hjálpar börnum að vernda sig gegn sjúkdómum og ofbeldi og að takast á við erfiða reynslu og hún veitir þeim styrk, færni og betra líf. Barnaheill á Íslandi stefna að því að styðja uppbyggingarstarf í Kambódíu næstu árin.


Norður-Úganda

Barnaheill á Íslandi lögðu tæpar 20 milljónir króna í

Ljósmyndari: Petrína Ásgeirsdóttir.



Skóli byggður í Chro Norm fyrir fjármagn frá Barnaheillum á Íslandi.



menntaverkefni Barnaheilla, Save the Children, í Pader-héraði í Norður-Úganda á árinu 2008 og fengu samtökin styrk frá utanríkisráðuneytinu að upphæð 10 milljónir króna. Árið 2007 lögðu samtökin rúmar sjö milljónir króna í uppbyggingu menntastarfs þar.

Stríðsátökin í Norður-Úganda sl. 20 ár hafa komið í veg fyrir menntun fjölda barna og er ástandið einna verst í Pader-héraði þar sem mikill fjöldi fólks hefur þurft að flýja heimili sín og dvelur í flóttamannabúðum. Árið 2004 voru 63% af skólum í Norður-Úganda ekki lengur í notkun og u.þ.b. 500.000 börn sóttu skóla í miðstöðvum sem settar voru á fót fyrir börn flóttamanna. Hlutfall barna sem ljúka grunnmenntun er lágt eða allt að 26% meðal stúlkna í Pader-héraði. Um 46,8 % sex ára barna eru ekki innrituð í skóla og stórt hlutfall barna í öðrum aldurshópum sækja ekki skóla. Úttekt sem Barnaheill, Save the Children í Úganda og opinber starfshópur unnu að í sameiningu á aðstæðum í Pader-

héraði leiddi í ljós mikla vöntun á viðunandi kennslu-aðstöðu og hæfum kennurum.

Verkefnið sem Barnaheill á Íslandi styðja í Pader-héraði miðar að því að auka skólaafgang og bæta gæði menntunar meira en 30 þúsund barna í héraðinu fram til ársins 2011. Þúsundir þeirra dvelja eða hafa dvalið í flóttamannabúðum. Sérstök áhersla er lögð á að ná til barna sem ekki eru í skóla og þá sérstaklega til stúlkna, að bæta kennsluaðferðir og kennsluumhverfi og að styðja menntayfirvöld í því að efla menntun og vernda börn á áttaksvæðum gegn ofbeldi og misnotkun. Fyrir fjármagn frá Barnaheillum á Íslandi hafa verið byggðir skólar og kennarabústaðir með allri nauðsynlegri aðstöðu. Haldin hafa verið þjálfunarnámskeið fyrir kennara og skólayfirvöld og haldnir fræðslufundir með skólafólki, foreldrum og fleirum um réttindi barna. Sömuleiðis hafa verið námskeið fyrir börn til að fræða þau um réttindi sín og virkja þau til að taka þátt í





Hér eru fulltrúar ungmennaráða Barnaheilla í Hondúras og Swazílandi.

skólastarfi og uppbyggingu samfélagsins. Kennarar, foreldrar og börn hafa fengið fræðslu um heilsuvernd og varnir gegn sjúkdómum, þ. á m. alnæmi. Námsgögnum hefur verið dreift til fjölda barna og þátttaka foreldra í skólastarfi hefur verið eflað. Margt hefur áunnist en verkefni eru óþrjótandi í Norður-Úganda. Barnaheill á Íslandi stefna að því að styðja menntastarf í stríðs-
hrjáðum héruðum Norður-Úganda næstu árin.

Síbería – skólahald

Frá árinu 2006 hafa Barnaheill á Íslandi, í samstarfi við samtökin Snowchange (www.snowchange.org), stutt menntun barna í hirðingjasamfélagi í byggðinni Nutendli í Yakutíu í norðausturhluta Síberíu. Þar er starfræktur skóli fyrir 7–12 ára börn sem fá kennslu á sínu eigin móðurmáli og fræðslu um eigin menningu. Ef skólinn væri ekki til staðar þyrftu börnin að fara á heimavist í rússneskum skóla fjarri heimahögum og yrðu þannig slitin úr tengslum við samfélag sitt og menningu. Rússneska ríkið greiðir laun kennara í skólanum, en þörf er á meiri aðstoð við skólahaldið. Frá 2006 hafa Barnaheill lagt samtals 1,2 milljónir króna í verkefnið. Féð var notað til að endurnýja hluta af námsefninu fyrir börnin, að endurnýja tæki í skólanum, þjálfa kennara, kaupa bíl og að greiða hita og rafmagn svo hægt sé að kenna í skólanum þegar kaldast er en á þessum slóðum getur frost orðið allt að – 50°C.

Erlent samstarf

Barnaheill á Íslandi vinna náið með alþjóðasamtökum Barnaheilla, Save the Children, í mótun stefnu og starfshátta. Starfsmenn Barnaheilla eru í miklum samskiptum við starfsmenn alþjóðaskrifstofu Barnaheilla, Save the Children (International Save the Children

Alliance), sem staðsett er í London. Íslenskir starfsmenn eru einnig í miklum samskiptum við starfsfólk þeirra systursamtaka sem stýra verkefnum sem Barnaheill styðja. Árlega er haldinn fundur með forsvarsmönnum landsfélaganna 28 til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2008 var haldinn í Suður-Kóreu í maí og sóttu fundinn Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri og Hildur Petersen formaður Barnaheilla. Stefnumótunarvinna er í gangi innan alþjóðasamtakanna og sótti Petrína fund í London á vegum alþjóðaskrifstofu vegna þess í október 2008.

Barnaheill eru í samstarfi við Evrópusamtök Barnaheilla, Save the Children, en aðild að þeim eiga Barnaheill í Danmörku, Bretlandi, Finnlandi og Hollandi, á Íslandi og Ítalíu, í Litháen, Noregi og Rúmeníu, á Spáni og í Svíþjóð. Markmið samstarfsins er m.a. að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni er varða réttindi og velferð barna.

Barnaheill eru einnig í samstarfi við samtökin INHOPE í tengslum við verkefnið „Stöðvum barnaklám á netinu“. Samtökin eru regnhlífásamtök ábendingalína í Evrópu og víðar. Sjá nánar á bls. 11.

Tekjur og gjöld


Tekjur og gjöld

Tekjur Barnaheilla árið 2008 námu 68 milljónum króna auk fjármunatekna að upphæð 12 milljónir króna, af því eru 4,5 milljónir króna gengishagnaður.


Rekstrargjöld ársins voru rúmar 76 milljónir króna.

Tekjur umfram gjöld, að teknu tilliti til fjármunatekna, fjármagnsgjalda og afskrifta, voru 961.000 krónur.

Tekjur ársins skiptast á eftirfarandi hátt



Gjöld ársins skiptast á eftirfarandi hátt





Styrktaraðilar

Barnaheill byggja allt sitt starf á frjálsum framlögum. Barnaheill þakka kærlega þeim fjölmörgu aðilum sem hafa lagt málstað þeirra lið því án þeirra væri starf samtakanna ekki mögulegt. Hér á eftir er stutt yfirlit yfir helstu styrktaraðila Barnaheilla árið 2008:

Félagsmenn/Styrktarfélagar

Skráðir félagsmenn og styrktarfélagar Barnaheilla voru 11.200 talsins árið 2008. Rúmlega 44% greiddu styrktarframlög sín og var heildarupphæðin um 17,3 milljónir króna.

Evrópusambandið

Safer Internet-áætlun Evrópusambandsins styrkti verkefnið „Stöðvum barnaklám á Netinu“ og netsvar.is. Á árinu 2008 fengu Barnaheill 9,5 milljónir króna frá Evrópusambandinu.

Opinberir aðilar

Ríki

Barnaheill fengu rekstrarstyrk frá Alþingi að upphæð 3,5 milljónir króna. Utanríkisráðuneytið veitti 10 milljón króna styrk vegna menntaverkefnis samtakanna í Norður-Úganda. Dómsmálaráðuneytið veitti 400.000 kr. styrk vegna verkefnis samtakanna „Stöðvum barnaklám á Netinu“. Þróunarsjóður innflytjenda sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið, veitti 800.000 króna styrk vegna fyrirhugaðrar barna- og unglíngalínu samtakanna. Félagsmálaráðuneytið veitti 100.000 króna styrk vegna verkefnisins gegn mismunun á öllum skólastigum. Opinber framlög til Barnaheilla vegna Geldingalæks voru tæpar 1,3 milljónir króna.

Sveitarfélög

Reykjavíkurborg veitti Barnaheillum 1.250.000 kr styrk vegna verkefnisins „Stöðvum barnaklám á Netinu“. Sömuleiðis veittu Akureyrarbær og Kópavogsbær styrki til verkefnisins að upphæð 200.000 krónur hvort sveitarfélag og Mosfellsbær veitti styrk að upphæð 50.000 krónur.

Fyrirtæki

Icelandair Group

Þann 1. janúar 2008 tók gildi þriggja ára bakhjarlasamningur Icelandair Group og Barnaheilla. Mun Icelandair Group styrkja samtökin með þremur milljónum króna á ári í þrjú ár. Eru framlögin í formi beinna framlaga, flugferða með Icelandair og Flugfélagi Íslands og þjónustu Icelandair hótela.

Athygli styrkti samtökin með framlagi að upphæð 500.000 kr. í formi ímyndar- og kynningarmála annað árið í röð.

Reykjavíkurmaraþon Glitnis. Alls söfnuðust um 140.000 krónur í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. Barnaheill þakka þeim fjölmörgu hlaupurum sem hlupu til styrktar samtökunum.

IKEA styrkti Barnaheill þriðja árið í röð með sölu taudýra í verslun sinni fyrir jólin. Styrkurinn nam 100 krónum af hverju seldu taudýri á tímabilinu 15. nóvember til 24. desember. Söfnuðust um 330.000 krónur til Barnaheilla.

Samfélagssjóður Alcan veitti Barnaheillum 250.000 króna styrk vegna verkefnisins „Verndum börn gegn ofbeldi“



Magni Ásgeirsson söng á tónleikum MA.

Sparisjóðurinn Byr var með söfnunarátakið „Þú gefur styrk“ til styrktar geðheilsu barna og unglunga í lok árs 2007. Barnaheill var eitt þeirra átta félaga sem hægt var að styrkja í atakinu og söfnuðust rúmar 3,3 milljónir til samtakanna sem afhentar voru í janúar 2008.

Aðrir styrktaraðilar

Stuðningsklúbbur landsliðs Wales

Stuðningsklúbbur landsliðs Wales í fótbolta gáfu Barnaheillum peningagjöf, í tengslum við landsleik Íslands og Wales í maí, til styrktar baráttu samtakanna gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum

Stuðningsklúbburinn starfrækir góðgerðarsamtök sem heita Gól og standa þeir fyrir fjáröflunum fyrir landsleiki og afhenda mannúðarsamtökum í því landi þar sem leikið er. Markmiðið með góðgerðarsamtökunum er að láta gott af sér leiða og um leið að breyta þeirri neikvæðu ímynd sem oft er af fótboltaáhangendum.

Kvenfélag Garðabæjar

Kvenfélag Garðabæjar færði Barnaheillum að gjöf 100.000 krónur.

Menntaskólans á Akureyri

Nemendur í 4. bekk Menntaskólans á Akureyri stóðu fyrir stórtónleikum í Kvosinni í apríl 2008 til styrktar verkefni Barnaheilla í Kambódíu. Alls söfnuðust 175.000 krónur.

Jóla kort

Ein stærsta fjáröflun Barnaheilla á árinu er sala jóla korta. Jóla kort voru send heim til 18.000 einstaklinga á árinu 2008 og keyptu yfir 45% þeirra kortin. Jóla kortin voru einnig seld í Skífunni, versluninni Úr og gull,

Garðheimum, Iðu, Max, Byko, A4, Sævari Karli, Andorru, Kaffitári og á skrifstofu Barnaheilla. Pappír hf. styrkti Barnaheill með gjafapokum. Akron styrkti Barnaheill með kortastöndum. Sala jóla korta gekk vel og styrktu fjölmargir einstaklingar, fyrirtæki og ráðuneyti Barnaheill með kaupum á jóla kortum. Heildarsala jóla korta nam um 15 milljónum króna.

Minningarkort

Barnaheill gefa fólki kost á að styrkja samtökin með kaupum á minningarkortum. Stuðningur við Barnaheill með slíkum kortum hefur aukist mikið.

Tækifærisgjafir

Einstaklingar hafa styrkt Barnaheill með peningagjöfum. Oftast er um að ræða stórafmæli þar sem viðkomandi óskar eftir að gestir styrki Barnaheill.

Hátíð trjáanna – list í þágu barna

Vegna efnahagskreppunnar urðu Barnaheill að hætta við fjáröflunarkvöldverðinn Hátíð trjáanna sem til stóð að halda í nóvember 2008 fjórða árið í röð. Listaverk eftir ellefu þjóðþekktu listamenn, sem bjóða átti upp á kvöldverðinum, voru tilbúin í lok september. Því var ákveðið að hafa þau til sýnis hjá Sævari Karli og opnaði þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sýninguna þann 4. nóvember. Til stóð að hafa uppboð á Hilton Reykjavík Nordica þann 20. nóvember en hætta varð við uppboðið vegna dræmrar þátttöku. Listaverkin voru síðan til sýnis hjá Sævari Karli og Gallerí Fold og hægt var að bjóða í verkin þar og á www.myndlist.is Tvö verkanna seldust.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra opnaði sýningu hjá Sævari karl á listaverkum fyrir Hátíð trjáanna.



Nemendur úr Snælandsskóla fluttu tónlistaratriði við opnunina.

Listamennirnir sem tóku þátt voru: Alistair Macintyre, Brian Pilkington, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Eggert Pétursson, Finnbogi Pétursson, Georg Guðni Hauksson, Guðrún Einarsdóttir, Jónas Bragi Jónasson, Steinunn Þórarinsdóttir, Vignir Jóhannsson og Þórdís Alda Sigurðardóttir.

Í undirbúningsnefnd Hátíðar trjáanna voru Aðalheiður Héðinsdóttir, Dögg Káradóttir, Elsa Einarsdóttir, Guðlaug Halldórsdóttir, Helga Sverrisdóttir, Hildur Petersen, Ragnhildur Skarphéðinsdóttir auk Petrínu Ásgeirsdóttur og Margrétar Lindar Ólafsdóttur frá Barnaheillum.

Styrktaraðilar Hátíðar trjáanna voru Sævar Karl, Gallerí Fold og Hilton Reykjavík Nordica

Samstarfsaðilar voru Stúdíó Stafn, Gallery Turpentine, Harpa Þórsdóttir og Gísli Einarsson.

Barnaheill þakka öllum þeim sem unnu að Hátíð trjáanna, þó að hátíðin hafi ekki orðið að veruleika í sömu mynd og undanfarin ár vegna efnahagskreppunnar.



sævar karl.



Barnaheill 2008-2009

Stjórn Barnaheilla

Hildur Petersen, formaður
Árni Geir Pálsson, varaformaður
Orri Hlöðversson, gjaldkeri
Anh-Dao Tran, meðstjórnandi
Ágúst Þór Árnason, meðstjórnandi
Dögg Káradóttir, meðstjórnandi
Þórhildur Líndal, meðstjórnandi
Hanna María Ásgrímsdóttir, varamaður
Hlíf Steingrímsdóttir, varamaður
Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, varamaður

Starfsmenn Barnaheilla

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri
Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri
Margrét Lind Ólafsdóttir, verkefnastjóri
(tók við starfi af Maríu Skúladóttur 1. mars 2008)
Þórunn Þórs Jónsdóttir
(tók við starfi af Birnu Gunnlaugsdóttur 1. október 2008)
Arndís Tómasdóttir, sumarstarfsmaður
Halldóra Sigurðardóttir (ágúst til desember 2008)
Rán Ingvarsdóttir, lögfræðingur (fór í barneignarfrí í apríl 2008)
Benný Brynjarsdóttir, ræstitæknir

Nefndir

Kjörnefnd Barnaheilla

Hildur Petersen
Guðbjörg Björnsdóttir
Óðinn Helgi Jónsson

Varamenn:

Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir
Pálmi Finnbogason

Laganefnd Barnaheilla

Hildur Petersen
Dögg Pálsdóttir
Óðinn Helgi Jónsson

Varamenn:

Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir
Margrét Sigurðardóttir

Skoðunarmenn ársreikninga

Sigurjón Hjartarson
Þórður Þorkelsson

Löggiltur endurskoðandi

Deloitte - Jón Rafnar Þórðarson

Verndari Barnaheilla er frú Vigdís Finnbogadóttir



Pakkir

Pakkir:

A4

Aðalheiður Héðinsdóttir

Akron

Akureyrarbær

Alp og Elaine Mehmet

Andorra snyrtivöruverslun

Anna R. Ingólfssdóttir

Anni Haugen

Alistair Macintyre

Arnaldur Halldórsson

Arthur Morthens

Athygli

Ágústína Jónsdóttir

Áslaug Jónsdóttir

Bjarni Ármannsson

Björk Bjarkadóttir

Brian Pilkington

Brynhildur Þorgeirsdóttir

Byko

Dómsmálaráðuneytið

Dögg Pálsdóttir

Eiríkur Örn Norðdahl

Eggert Pétursson

Einar Skúlason

Elín Ebba Gunnarsdóttir

Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Embla Ýr Bárudóttir

Elsa Einarssdóttir

Evrópusambandið

Félagsmálaráðuneytið

Félagsmenn og styrktarfélagar

Finnbogi Pétursson

Fjárstoð

Flugfélag Íslands

Franch Michelsen

Friðbjörg Ingimarsdóttir

Gallerí Fold

Gallery Turpentine

Garðheimar

Georg Guðni Hauksson

Gerður Kristný

Gísli Einarsson

Gréta Gunnarsdóttir

Guðrún Helga Jóhannsdóttir

Guðjón Sveinsson

Guðjón Ó prentsmiðja

Guðlaug Halldórsdóttir

Guðrún Ásmundsdóttir

Guðrún Einarssdóttir

Guðrún G. Bergmann

Gól

Harpa Þórsdóttir

Haukur Gísli Harðarson

Helga Sverrisdóttir

Helgi Guðmundsson

Hilton Reykjavík Nordica

Hrafn Andrés Harðarson

Icelandair

Icelandair Group

Icelandair Hotels

Iða

Iðunn Steinsdóttir

IKEA

Inga Huld Hákonardóttir

Inga Birna Jónsdóttir

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Ísak Harðarson

Íslandspóstur

Jón Daníelsson

Jónas Bragi Jónasson

Kaffitár

Kópavogsbær

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Kvenfélag Garðabæjar

Linda Vilhjálmsdóttir

Margrét María Sigurðardóttir

Magnea J. Matthíasdóttir

Max

Menntamálaráðuneytið

Microsoft Ísland

Mosfellsbær

Nanna Gunnarsdóttir

Nemendur Menntaskólans á Ak-

ureyri

Oddný Sen

Olga Guðrún Árnadóttir

Pappír hf

Páll Kristinn Pálsson

Pétur Gunnarsson

Pikknick

PR

Prentmet

Ragnheiður Gestsdóttir

Ragnheiður Tryggvadóttir

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir

Reykjavíkurborg

Reykjavíkumaraþon Glitnis

Richard Allen

Rithöfundasamband Íslands

Safer Internet áætlun Evrópusam-

bandsins

Samfélagssjóður Alcan

Sigmundur Ernir Rúnarsson

Sigrún Eldjárn

Sigrún í Bergvík

Sigurbjörn Þorkelsson

Sigurlína Davíðsdóttir

Sjón

Skífan

Snælandskóli

Sparisjóðurinn Byr

Stefán Máni

Steinunn Þórarinsdóttir

Strá

Stúdío Stafn

Sveinn Einarsson

Sveinn Snorri Sveinsson

Sævar Karl

Utánríkisráðuneytið

Úlfhildur Dagsdóttir

Úr og Gull

Vigdís Grímsdóttir

Frú Vigdís Finnbogadóttir

Vignir Jóhannsson

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Þorgrímur Gestsson

Þorgrímur Þráinsson

Þorlákur Helgason

Þorsteinn Eggertsson

Þór Stefánsson


Þóra Benediktsson

Þórdís Alda Sigurðardóttir

Þórir Guðbergsson

Þórunn Lárussdóttir

Örnólfur Árnason



**Alþjóðasamtökin Save the Children Alliance
starfa í yfir 120 löndum víðs vegar um heim**

– sjá bleiku svæðin á kortinu



Barnaheill
Save the Children Iceland

Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík - Sími 553 5900 - Fax 553 5960
barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Útgefandi: Barnaheill, júlí 2009.
Ábyrgðarmaður: Petrína Ásgeirsdóttir
Forsíða: María Rúnarsdóttir. Ljósmynd: Jóhann Pétur Reyndal
Prentun: Hjá GuðjónÓ



Icelandair Group er bakhjarl Barnaheilla